

bætur 1000 kr. — eitt þúsund krónur — og í málskostnað greiði hann honum 50 — fimmtíu — krónur. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagri lagaaðför.

Nr. 36/1896:

Arnþjótur prestur Ólafsson
gegn
Björgúlfi Brynjúlfssyni.

D ó m u r:

Með dómi gestarjettar Þingeyjarsýslu, uppkvednum 10. júní 1895, var áfrýjandinn Arnþjótur prestur Ólafsson á Saudanesi dæmdur til þess að greiða stefnda Björgúlfi Brynjúlfssyni á Vopnafirði 36 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 21. apríl 1893, unz borgun skeður, svo og kostnað þann allan, sem löglega leiðir af máli þessu. Dómi þessum hefur Arnþjótur prestur Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 27. okt. f. á. og hefur hann fengið uppreistarleyfi til áfrýjunar út gefið 6. okt. f. á. Fyrir yfirdóminum hefur hann gjört þær rjettarkröfur, aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og til vara, að hann verði að eins dæmdur til að greiða Björgúlfi Brynjúlfssyni 18 kr., en verði að öðru leyti sýknaður. Svo hefur áfrýjandi krafizt þess, að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum rjettum, hvernig sem málið fer. — Hinn stefndi hefur eigi mætt sjálfur nje látið mæta fyr-

ir sig við yfirdóminn, þótt löglega sje stefndur, og verður því að dæma málið eptir hinum framlögðu skjölum og skilríkjum samkv. N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796 § 2.

Skuldar- eða skaðabótakrafa stefnda gegn áfrýjanda, að upphæð 36 kr., er fyrir hey, sem stefndi þykist hafa átt og segir að hafi runnið inn til áfrýjanda, án þess að hann hafi fengið nokkuð endurgjald fyrir, og eru atvik málsins þessi: Haustið 1889 eptirljet prestsekkjan Guðrún Bjarnardóttir hinum stefnda heyleifar þær, sem hún bjóst við að eiga eptir við 2 tilgreind hús á Saudanesi vorið 1890 og þessa heysölu samþykkti áfrýjandinn, er hann tók við Saudaness-stað vorið 1890, enda voru heyleifarnar eigi virtar við úttektina. Stefndi segir, að hann hafi bedið áfrýjanda um og fengið samþykki hans til að heyið mætti vera óhreyft á Saudanesi fram á næsta vetur 1890—91, en þessu hefur áfrýjandi neitað og segir þar á móti, að hann hafi lagt fyrir stefnda, að flytja heyið svo tímanlega burtu, að það kæmi eigi í bága við heyannir hans. Þegar fram á sumarið leið, þóttist áfrýjandi þurfa að halda á annari tóptinni, sem heyið var í; skrifadi hann þá manni einum þar í nágrenninu, sem hann hugði hafa umboð stefnda til að flytja heyið burtu, og skoradi á hann að sækja það; en er hann gjörði það eigi, ljet áfrýjandi binda hey sitt ofan á heyleifarnar í annari tóptinni, og virðist síðan hafa gefið þær skepnum sínum ásamt sínu heyi. Þegar því umboðsmaður stefnda ætlaði að sækja heyið í

desember 1890, gat hann ekki fengið það. Áfrýjandi lét 2 menn virða heyleifarnar, áður en hann batt hey sitt ofan á þær, og töldu þeir heyið 6 hesta, helming frok og gamalt ruddahey, en helming rekju-töðu, og mátu það á 18 kr., en þessari virðingu hefur stefndi algjörlega mótmælt, með fram af því að virðingarmennirnir hafi verið annar náfrændi áfrýjanda og hinn vinnumaður hans. Stefndi hefur talið heyið 8—9 hesta og krefst af sinni hálfu 36 kr. fyrir það, eins og áður er sagt.

Þar sem áfrýjandi hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður, af þeirri ástæðu, að stefndi hafi ekki verið rjettur sóknaraðili í hjeradi, þá verður þessi krafa ekki tekin til greina, því að það er ekki ástæða til að álíta, að kaup hins stefnda á hinu umrædda heyi hafi gengið til baka og að hann fyrir því hafi í raun og veru ekki verið eigandi þess, þá er hann höfðaði mál þetta.

Þótt áfrýjandi hafi borið á móti því í málinu, verður það þó að álitast sannað af stefnda með framlagningu brjefs til hans frá áfrýjanda, dags. 13. des. 1890, að áfrýjandi hafi lofað honum sumarið 1890, að umræddar heyleifar mættu vera kyrrar á jörðunni fram á næsta vetur (1890—91), en áfrýjandinn gat að eins eigi sagt stefnda, þegar hann gaf honum þetta leyfi, hvaða pláss í heygardinum hann gæti misst handa heyleifunum frá sínu eigin heyi, er bundið yrði inn um sumarið. Af þessum sökum gat stefndi búizt við nánari visbendingu frá áfrýjanda um, hvornig tæra ætti

heyið til, ef þess gjörðist þörf, að það yrði fært á annan stað, og gat hann gengið út frá því að öðrum kosti, að heyið mætti vera kyrrt á þeim stað, sem það var. En slíka visbendingu fjekk stefndi eigi frá áfrýjanda, — því að aðvörun sú, er hann tjáist hafa sent öðrum manni, er hann ætlaði umboðsmann stefnda, er í þessu sambandi með öllu þýðingarlaus —, en áfrýjandi ljet aptur á móti fyrirvaralaust til stefnda, sem þó var þar allnærri staddur við smíðar, hlaða sinu heyi ofan á heyleifar stefnda og gefa þær síðan með sínu heyi fjenaði sínum. Með því að áfrýjandi álizt þannig heimildarlaust hafa tekið hey, er stefndi átti, og notað það í sínar þarfir, verður að fallast á það að undirdómarinn hefur dæmt hann til að endurgjalda stefnda það að fullu. Að því er upphæð skadabótanna snertir, verður ekki farið eptir virðingu þeirri, er áfrýjandi ljet fram fara á heyleifunum og sem fyr er getið, með því að virðingarmennirnir eidfestu aldrei sjálfa virðingargjörðina, sem stefndi hefur vefengt og mótmælt. Það er líka upplýst með framangreindu brjefi áfrýjanda 13. des. 1890, sem kemur heim við önnur vottorð, sem fram hafa verið lögð, að heygæðin á heyleifunum voru allt önnur (betri) heldur en virðingarmennirnir hafa lýst þeim í vottorði sínu um virðinguna, sem sje mestmegnis tæða, og þar sem krafa stefnda um upphæð skadabótanna sýnist vera sennileg, eptir því sem heyleifarnar voru miklar og eptir því sem verð er á töðu ómótmælt talið vera í málinu, verður að staðfesta hinn á-

frýjaða dóm í aðalefni hans. Málskostnaður fyrir hjeradsrjetti, er áfrýjanda ber að greiða stefnda, ákveðst 30 kr., en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Þvi dæmist rjett vera:

Afrýjandinn, Arnljótur prestur Ólafsson, greiði stefnda Björgólfi Brynjúlfssyni 36 — þrjátíu og sex — krónur með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 21. apríl 1893 til borgunardags. Svo greiði áfrýjandinn og stefnda málskostnað í hjeradi með 30 — þrjátíu — krónum, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 12. júlímánaðar.

Nr. 1/1897:

Valdimar Ásmundarson
 gegn
 Pálma Pálssyni.

Dómur:

Mál þetta, sem Pálmi Pálsson, kennari við lærða skólann í Reykjavík, höfðaði fyrir bæjarþingi gegn ritstjóra Valdimar Ásmundarsyni út af grein einni í blaði hans »Fjallkonunni«, sem Pálmi Pálsson taldi meiðandi og móðgandi fyrir sig, var dæmt 12. dag nóvembermán. f. á. með þeim úr-